

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 1. nóvember 2021
Mnr. 2021030050



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Viðauki 16 framkvæmdir, lán og rekstur

Framkvæmdir

Gerðar hafa verið tilfærslur innan framkvæmdaáætlunar á milli verkefna, verkefnum frestað eins og kostur er og kostnaður endurmetinn á þeim verkefnum sem er lokið eða eru í vinnslu, til að halda óbreyttri framkvæmdagetu upp á 250 m.kr. Stórar sölur voru áætlaðar á árinu sem dregið hefur verið úr og lækka áætlaðar sölur því um 661 m.kr. Til að bregðast við því er dregið úr framkvæmdum fyrir 661 m.kr. Breyting á framkvæmdaáætlun er því nettó kr. 0 en einhverjar tilfærslur eru á milli málaflokka:

1. Eignasjóður, lækkun um 535 m.kr. Framkvæmdir lækka um 610 m.kr. og sölur um 75m.kr.
2. Hafnarmannvirki, lækkun um 62 m.kr. á framkvæmdum
3. Vatnsveita, hækkun um 12 m.kr. á framkvæmdum
4. Fasteignir Ísafjarðarbæjar, aukning um 566 m.kr. sem er vegna breytinga á sölu
5. Þjónustuíbúðir, aukning um 10 m.kr., framkvæmdir hækkaðar um 10 m.kr. en dregið úr sölu um 20 m.kr.
6. Fráveita, lækkun um 10 m.kr.

Áhrif viðauka 16 á handbært fé		
Liður		Samtals
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		661.000
Útfærð fjármögnun fjárfestinga (neðangreint)	(	840.943)
Áhrif reksturs á fjármögnunarbörf viðaukans		325.206
Hækkun (lækkun) á handbæru fé vegna viðauka 16		145.263

Fjármögnun fjárfestinga vegna viðauka 16			
Útfærð ákvörðun um hvernig útgjaldaauka er mætt / hann fjármagnaður:			
Nr.	Liður	Skýring	Samtals
1	Söluverð rekstrarfjármuna	Seldar íbúðir, breyting	(566.000)
2	Söluverð rekstrarfjármuna	Seldar íbúðir, breyting	(75.000)
3	Söluverð rekstrarfjármuna	Seldar íbúðir, breyting	(20.000)
4	Tekin ný langtímalán	Ný lántaka færð úr 1 millj. í 840 m.kr.	(527.000)
5	Afborganir langtímalána	Lækkun á uppgreiðslu lána Fastis v. sölu íbúða	347.057
			(840.943)

Söluhagnaður

Söluhagnaður í rekstreikningi lækkar úr 554 m.kr. í 282 m.kr.

1. Söluhagnaður hjá Fastís var áætlaður 450 m.kr en verður 237 m.kr. m.v að seldar verði 15 í lok árs 2021 en 10 eru þegar seldar og 5 í sölumeðferð. Söluhagnaðinum er ráðstafað niður á viðeigandi deild eftir svæði.

2. Sindragata: Áætlaður var söluhagnaður 75 m.kr. á árinu 2021 vegna óseldrar íbúða en hins vegar náðist að selja allar íbúðir á árinu 2020 og því engin sala á þessu ári og söluhagnaður því leiðréttur út.
3. Urðarvegur 54 sem var í eign Aðalsjóðar sem hlutdeildareign með ríkinu var seld á árinu en ekki var áætlað fyrir því. Söluhagnaður vegna hennar er 4,6 m.kr.
4. Áætlað er að selja 2 lausar íbúðir á Hlíf ásamt fokheldum íbúðum á 4. hæð. Áætlað er að söluhagnaður af 4 hæð verði um 30 m.kr. Áætlað söluverð er 40 milljónir og bókfært verð 10 milljónir.

Tekjur

1. Skatttekjur hækka um 89 m.kr. m.v. samþykktu áætlun samkvæmt nýjum gögnum frá sambandi íslenskra sveitarfélaga 19 október síðastliðinn.

Svnr. Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. jan.'21	1 Staðgreiðsla tekjuárið 2020	2 Áætluð staðgreiðsla tekjuárið 2021	3 Áætluð staðgreiðsla tekjuárið 2022, m.v. að staðgreiðsluskýldar tekjur hækki um 6,6%	4 Áætluð eftirá- álagning vegna ársins 2021 (skv. álagning 2022)
4200 Ísafjarðarbær	3.794	2.178.685.415	2.290.068.262	2.441.212.767	99.588.521

2. Jöfnunarsjóður: útgjaldajöfnunarframlag hækkar um 44,5 m.kr samkvæmt nýjum gögnum frá jöfnunarsjóði í október. Einnig er gerð leiðrétting á áætluðu framlagi jöfnunarsjóðs vegna tónlistarskóla sem í viðauka 13 var sett inn í áætlun á lykil 00100 en þá láðist að lækka áætlunina sem var skipt á deild 04510 og 04810 og eru þær tekjur því lækkaðar í þessum viðauka um 21,8 m.kr.
3. Slökkvilið: Aðrar tekjur hækka um 3,5 m.kr. vegna endurgreiðslu á vsk vegna björgunarbúnaðar sem keyptur hefur verið á síðustu árum.
4. Hafnarsjóður: Ekki var gert ráð fyrir tekjum vegna skemmtiferðaskipa og hafa tekjur hafnarinnar því nú verið endurskoðaðar með tillit til rauntekna og hækka tekjur Hafnarsjóðs um 81,8 m.kr. vegna þess.

Viðhald

Erfitt hefur reynast að fá iðnaðarmenn í viðhald og er því ekki séð fram á að komist verði í allt viðhald sem áætlað var á árinu 2021 og því lagt til að áætlunin verði aðlöguð að því. Viðhald samstæðu lækkar um 80,3 m.kr. og þar af lækkar viðhald A hluta um 50,6 m.kr.

1. Viðhald gatna: Lækkar um 6,4 m.kr..
2. Snjómokstur var minni í janúar til maí en gert var ráð fyrir og lækkar um 15 m.kr.
3. Almenningsgarðar: Lækkar um 4,7 m.kr.
4. Fjárgirðingar: lækkar um 2,3 m.kr.
5. Eignasjóður: lækkar um 22,1 m.kr.
6. Eyri: lækkar um 25,7 m.kr.
7. Fráveita: lækkar um 4 m.kr.

Lántaka og handbært fé

Áætluð var lántaka upp á 1 milljarð króna, 273 m.kr. hjá Hafnarsjóð og 727 m.kr. hjá Eignarsjóð. Lagt er til að lántaka eignarsjóðs lækki um 527 m.kr. og verði því 200 m.kr.. Áætluð er lántaka hjá lánasjóði sveitarfélaga.

Vegna sölu á íbúðum hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar er áætlað að greiða upp lán fyrri 202 m.kr. en það var áður áætlað að greiða upp lán fyrir 550 m.kr. í samþykkri áætlun og er því lækkun upp á 347 m.kr. vegna uppgreiðslu á lánum Fastís.

Áætlað er að vextir og verðbætur verði um 3,9 m.kr. lægri í árslok en áætlað var. Vaxtagjöld eru áætluð 42,8 m.kr. lægri m.a. vegna þess að lán Hafnarsjóðs var tekið síðar á árinu en áætlað var og lántaka Eignarsjóðs er áætluð síðar og er lægri. Einnig eru lægri vextir hjá Fastís vegna uppgreiddra lána á árinu vegna sölu. Verðbætur hækka hins vegar um 48,2 m.kr. frá samþykktri áætlun og er það vegna þess að verðbólgan er töluvert hærri en áætlað var. Áætluð var 3% verðbólga í skuldabréfakerfinu en hún er 4,69%

Áhrif viðaukans á handbært fé er hækkun um 145 m.kr.

Áhrif viðauka 16 á handbært fé	
Liður	Samtals
Áhrif viðauka á rekstrarniðurstöðu	(341)
Þar af rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	325.547
Fjármögnunarpörf vegna rekstrar	325.206
Útfærð fjármögnun rekstrar (neðangreint)	0
Áhrif fjárfestinga á fjármögnunarpörf	(179.943)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé vegna viðauka 16	145.263